

LAUGARDALSHÖLLINNI Í APRÍL—MAI 2000



Frá vinstri: Vilhjálmur Kjartansson, Traust B. Óskarsson, Valgeir Benediktsson og Úlfar Sveinbjörnsson stóðu vaktina við rennibekkinn. Á annan tug nýrra félagsmanna skráðu sig inn í félagið á sýningunni

AÐALFUNDURINN 2000



Aðalfundur félagsins var haldinn á apríl sl. Stjórnina skipa nú Kristján Heiðberg, Sigurður Þorvaldsson, Reynir Sveinsson, Trausti B. Óskarsson og Valur Ingólfsson. Valur kemur frá Sauðárkróki í stað Jóhanns frá Akureyri.

Fréttabréf Félags trérennismiða á Íslandi.
Ábm. Trausti B. Óskarsson s. 565 6924 og Reynir Sveinsson Faxatúni 36, 210 Garðabæ. S. 565 8588.
Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS.



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Fréttabréf

50"v d n 0 " 8 0 " " t i 0 " U g r v 0 " 4



Valur Ingólfsson við smíðisgripi föður síns sem hann sýndi á aðalfundinum í apríl sl.

AÐALFUNDURINN 2000

Aðalfundur félagsins var haldinn laugardaginn 25. mars s.l. Aðalfundastörf fóru fram með hefðbundnum hætti. Kosið var í stjórn og nefndir. Við kosningu til aðalstjórnar varð sú breyting að Valur Ingólfs-son frá Sauðárkróki kom inn í stjórnina í stað Jóhanns Sigurjónssonar. Um leið og við bjóðum Val velkomin í stjórnina þökkum við Jóhanni fyrir hans störf í þágu félagsins en Jóhann er einn af stofnfélögum. Valur kom með nokkra smíðisgripi eftir föður sinn og fer ekki milli mála að þar hefur hagleiksmaður farið höndum um. Ljóst er að ýmis tækni- leg mál hafa verið leyst af eigin frumkvæði, því ekki var um að ræða öll þau tæki og tól sem við búum nú við. Við vonum að aðferðir og hand- bragð þeirra sem nú hafa kvatt gleymist ekki, heldur haldist í arf svo sem samlíming og útskurður á öskum, rokkasmíði og svo fr. Fundarmenn áttu síðan góða spjallstund yfir kaffiveitingum .

HAUSTFUNDIR 2000

Að venju verða haustfundirnir síðasta laugardag í september, október og nóvember.

Fundurinn í september verður í Skipholtinu kl 09. Mætt verður í Skipholtinu kl 09. Steinahlíð. Mætt verður í Skipholtinu kl 09. Ath leggjum af stað kl. 09. far sem ekki eru á bílum. Ath leggjum af stað kl. 09.

Fundurinn í október verður í Skipholtinu og hefst kl 10. Til okkar kemur Páll Kristjánsson sem hefur sérhæft sig í smíði á sköftum á veiðihnifa og slíðrum. Mun hann sýna okkur helstu leyndadóma við þá iðju. Sköftin eru samsett úr tré, beini, horni og fl. efnun.

Fundurinn í nóvember verður nánar auglýstur í næsta fréttabréfi.

SAMLÍMINGARTAFLA

STAFUR

UMMÁL

FJÖLDI STAFA

Ummál	8	10	12	14	16	18	20	24
	Breidd stafa							
50 mm	21	16	13	11	10	9	8	7
64mm	27	20	17	15	12	12	10	9
76mm	32	25	20	17	15	13	12	10
89mm	37	29	23	20	18	15	14	11
100mm	41	33	27	24	20	18	16	13
114mm	47	37	30	27	23	20	18	15
127mm	52	41	34	29	26	23	20	16
152mm	63	48	41	35	31	27	24	20
177mm	73	57	47	40	35	32	28	24
203mm	84	66	54	46	40	36	33	27
228mm	95	74	61	52	46	40	36	30
254mm	105	82	68	57	51	45	40	33
305mm	127	99	81	69	60	53	48	40
351mm	147	115	95	82	72	62	56	47
406mm	168	133	108	93	81	69	64	56

BEYKITRÉ

Í Hellisgerði í Hafnarfirði má sjá beykitré sem skartar sínu fegursta nú í september er myndin var tekin. Krónan er áberandi breið eins og sjá má á myndinni

AÐ SÝNA OG SELJA

Sunnudaginn 17. sept. sl. var sölusýning á handverki á Eyrarbakka. Hjörtur Leo sem þar er búsettur var að sjálf-sögðu á vettvangi að kynna sína framleiðslu. Sýningin var vel sótt af fóki á Árbakkasvæðinu svo og frá Reykjavík.

VORFERÐIN 2000 Á SAUÐÁRKRÓK OG HOFÓS

Rennismiðir og makar renndu af stað í árvissa vorferð félagsins laugar-daginn 6. maí s.l. Ferðinni var heitið norður á Sauðárkrók. Eftir stuttan stans í Borgarnesi og við Staðarskála var stöðvað við Reykjaskóla í Hrutafirði þar sem byggðasafnið var skoðað. Þór Magnússon f.v. þjóð-minjavörður hafði bent okkur á að skoða safnið á fundi í vetur. Aðal-fararstjóri Þorkell Sigurðsson hafði gert boð á undan okkur. Safnvörður tók því á móti hópnum og leiddi um safnið. Svo sem kunnugt er má sjá hákarlaskipið Ófeig á þessu safni og var fróðlegt að heyra sögu þess. Aðalerindi heimsóknarinnar var þó að skoða heimasmiðaða trérenni-bekki sem safnið geymir og eiga sér nokkra sögu. Einn ferðafélaginn Gunnar Davíðsson frá Hveragerði þekkti þar nokkuð til og gerir frekari grein fyrir á öðrum stað, verður því ekki farið nánar í þá hluti hér. Eftir hressingu í Varmahlíð var ekið á Sauðárkrók þar sem við hittum fyrir félagar okkar sem þar búa. Leiddu þeir okkur fyrst í Steinullarverk-smiðjuna þar sem við vorum frædd um framleiðsluferil og það sem markverðast var að sjá og heyra um verksmiðjuna og framleiðslu hennar. Veitt var kaffi í lok heimsóknarinnar.

Að því loknu kom rúsinan í pylsuendanum sem var sýning trérennismiða í Safnahúsi Skagfirðinga, sem félagar okkar á Króknum höfðu veg og vanda af í samstarfi við starfsfólk Safnahúss Skagfirðinga. Að lokinni skoðunarferðinni í safnahúsið var sest að kvöldverðarborði og áttum við ánægjulega samverustun yfir mat og drykk.

Því næst var ekið á Hofsós þar sem við höfðum náttstað og eftir góða svefn heimsóttum við Vesturfarasetrið undir leiðsögn Valgeirs staðar-haldara. Var sú sýning hin skemmtilegasta og kom verulega á óvart hvað þar er margt fróðlegt að heyra og sjá. Frekari uppbygging hefur staðið yfir í sumar. Á bakaleiðinni bættum við á okkur tveim söfnum á Sauðárkróki, heimsókn á heimili Friðriks Ingólfssonar að Laugabakka sem var afar ánægjuleg og einkasafni þar í sveitinni. Þá var haldið heim á leið. Þess má geta að Guðmundur Magnússon frá Flúður ók rútbifreið-inni og Þorkell Sigurðsson aðalfararstjóri eins og áður hefur komið fram. Bestu þakkir til Guðmundar og Þorkels.

HEGNER

**Hegner rennibekkir frá
Þýskalandi nýkomnir.
Ýmsir fylgihlutir fánlegir.
Þýsk gæðavara.
Allt til rennismiða á sama
stað.**

*Hjá Gylfa
Hólshrauni 7, Hafnarfirði
Sími 555 1212*

Klukkusmiðir

Klukkuverk, skífur, vísar, mikið úrval. Komið við og skoðið úrvalið. Sendum um land allt.

Hjá Gylfa

SÝNINGIN Á SAUÐÁRKRÓKI 2000



Sauðkræklingarnir sem áttu veg og vanda af sýningunni



F Ì Á • } ^ } á ~ ! Á c 5 \ ~ Á | c c Á Á ç ð • ç ^ * æ

GUNNAR DAVÍÐSSON VIÐ RENNIBEKKINN

Á ferðalagi okkar í sumar með félagi trérennismiða komum við að Reykjum í Hrútafirði og skoðuðum þar byggðasafnið. Þar voru margir merkir gripir þar á meðal rennibekkur sem smíðaður er af Guðmundi Teitssyni f. 1847. Eftir hans dag tók við bekknum sonur hans Guðmundur Guðmundson í Grafarkoti í V-Húnavatnssýslu. Guðmundur smíðaði mikið af mjög vönduðum rokkum og notaði í þá brenni. Einnig smíðaði hann mikið af rennijárnum og hefла. Guðmundur var líka með járnsmíðu við hlið smíðahússins. Þessi rennibekkur er því að öllum líkindum kominn yfir 100 árin. Gunnar Davíðsson



Ferðahópurinn saman kominn í Safnahúsinu á Sauðárkróki. Sýningagripir komu víðsvegar af landinu. Þökkum við félögum okkar á Sauðárkróki fyrir framtakið

SÝNING FÉLAGSMANNA Á HVANNEYRI Á FUNDI SKÓGARBÆNDA



Formaður félags skógarbænda óskaði eftir því að félagsmenn sýndu afurðir sínar á fundi þeirra á Hvanneyri 11.-13. ágúst. Þar sem aðdragandinn var stuttur var ákveðið að hringja í félagsmenn og þeim boðin þátttaka. Ekki náðist í alla með svo skömmum fyrirvara. Þátttakendur voru þó um 20 og var sýningin að okkar mati félagsmönnum til sóma.

Það hafa áður komið fram óskir um sýningar með skömmum fyrirvara við ýmsar uppákomur. Nauðsynlegt er því að þeir sem vilja vera með **skrái sig hjá sýninganefndinni** svo ekki þurfi að hringja í þá sem ekki hafa áhuga og spari með því talsverða fyrirhöfn. Sýningastjórn skipa :

Karl Helgi Gíslason s. 552 4497 ,
Vilhjálmur Kjartansson s. 581 2066
Úlfar Sveinbjörnsson. s. 565 2550



Séð yfir sýningarsalinn á Hvanneyri
Þar sem 18 félagsmenn sýndu gripi sína.



Nýr á markaðnum

Nýlega kom á markaðinn hér á landi rennibekkur af tegundinni HEGNER frá Þýskalandi. Tíffsagir frá sama framleiðanda eru vel kunnar hér á landi. Bekkurinn er búinn stiglausri hraðastýringu frá 90 - 3800 snúninga. Snúa má afhúsi. Helst tæknilegar upplýsingar samkvæmt bæklingi eru: Lengd milli odda 1000 mm. Frá drifoddi og niður á v æ n g eru 200 mm. Mótör er 1 ha. Vegur 100 kg. Ýmsa aukahluti má fá með bekknum. Nánari upplýsingar er að fá hjá innflytjandanum Gylfa Hólshrauni



Tappar

Hér eru hugmyndir að þrem gerðum flöskutappa.



TIL SÖLU

ELU bandsög tveggja hjóla. Upplýsingar gefur Þorkell í síma 557 5 6 5 6 " a " m x ¾ n f k p

POOLEWOOD PW 28-40 Superlathe

Rennibekkur ásamt fylgihlutum til sölu. M.a. Multistar patróna með 5 stærðum af klóm. 3 hvílijárn. 3 klst. námskeið fylgir með hjá seljanda. Verð kr. 115 þús. Upplýsingar gefur Trausti í síma 565 6924

Þessi mát eru á mynjasafninu að Reykjum í Hrútafirði. Væntanlega verið notuð við rokkasmíði. Vinstra megin má sjá nokkra píróla




ONEWAY & STRONGHOLD PATRÓNUR

Kanadískar gæðapatrónur fyrir flestar gerðir trérennibekkja.

Skrúfaður aukakónn/botn til að færa á milli rennibekkja.

Margar stærðir af aukafestingum (kjöftum/örmum).

Diskar í tveim stærðum. Einnig 1/2" og 1" drifoddar



H F VLIST

9 b [^ U h Y] [] ' % + ž % \$) ' F Y m _ ^ U
G † a] ' # ' Z U I ')) ' ' %) \$